

Alþingi,  
Fjárlaganefnd  
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 13. nóvember 2015.

*Umsögn; Fjáraukalög 2015, 304. mál, lagafrumvarp 145. löggjafarþing 2015–2016.*

**Málefni fatlaðs fólks.** Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að veitt verði aukin framlög til málaflokks fatlaðs fólks innan ársins 2015 með beinu framlagi til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest). Óskað er framlags sem nemi áætluðum halla í endurskoðari fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, halli sem nú er áætlaður um 90 mkr á árinu 2015, eða nemur um 21 % af rekstrarútgjöldum BsVest, 410 mkr. Hér hefur verið tekið tillit til samþykkt viðbótarframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 28. október s.l. eða sem nemur 40,1 mkr.

Meginástæða þessa hallarekstur eru sértækar aðstæður á þjónustusvæði BsVest vegna samsetningar þjónustuhóps með mikilli þjónustuþyngd og landfræðilegra aðstæðna. Þessi atriði hefur BsVest ítrekað bent á og nú staðfest með skýrslu sem unnin var fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga af ráðgjafafyrirtækinu R3.

Framangreind staða var ljós á fyrrihluta þessa árs og var málið þá þegar kynnt félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra, ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga auk Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sifellt hefur verið bent á að endurskoðun á tilflutningi málaflokksins verði lokið nú á árinu, en ekkert hefur enn komið fram um niðurstöðu þess máls og óljóst hvernig tekið verður á sértækum aðstæðum. Ljóst er að halli á málaflokknum mun sliga rekstur sveitarfélaganna sem standa að BsVest og því hafa sveitarfélögin lagt fyrir erindi til félags og húsnæðismálaráðherra um að skila málaflokknum. Á aukþingi BsVest þann 4. nóvember s.l. kom fram frá fulltrúa ráðherra að því erindi hefur verið hafnað. Af þessum sökum er hér með leytað til Alþingis að fjárveiting verði til BsVest í fjáraukalögum 2015.

**Fjárlagaliður 14-412. Veðurstofa Íslands.** Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir ánægju með að fjármagni er nú veitt til sjávarflóðarannsóknna á vegum Veðurstofu Íslands. Verkefnið var þróað innan starfstöðvar Veðurstofu Íslands á Ísafirði einnig þekkt sem Snjóflóðamiðstöð, í samstarfi við Ísafjarðarbæ, Háskólasetur Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Það eru hinsvegar mikil vonbrigði að það sé stefna Veðurstofu Íslands að starfsemi á sviði sjávarflóða verði byggð upp í Reykjavík. Slík ákvörðun er andstæð markmiðum ríkisstjórnar um uppbyggingu starfa utan höfuðborgarsvæðis. Í þessu tilviki fer saman frumkvæði heimamanna og auk farsællar uppbyggingar sérfræðiþekkingar. Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að Alþingi skilyrði þessa fjárveitingu sem lið í uppbyggingu starfsemi Veðurstofu Íslands á Ísafirði sem miðstöð flóðarannsóknna.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)  
Berist til:  
Fjárlaganefndar Alþingis

Afrit berist til:  
Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Reykjavík, 26. nóvember 2015.

Umsögn: Frumvarp til fjárukalaga ársins 2015 – 304. mál, 145. löggjafarþing:  
Umsókn Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar um auka-  
fjárveitingu vegna framlags Íslands á Feneyjatvíæringnum 2015.

Í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er fjallað um frumvarp til fjárukalaga í V. kafla. Þar segir í 44. gr.: „*Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að gripa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjárukalaga.*“ (undirstrikun mín.)

Með erindi til mennta- og menningarmálaráðherra dags. 25. júní sl. (sem hefur verið stutt fleiri bréfum og gögnum sem hafa verið send mennta- og menningarmálaráðuneyti síðan) setti Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar fram ósk um að miðstöðin fengi viðbótarfjárveitingu frá ráðuneytinu að upphæð 15 m.kr. til að mæta auknum kostnaði og töpuðum tekjum Kynningarmiðstöðvarinnar vegna óvæntrar lokunar framlags Íslands á Feneyjatvíæringnum af hálfu borgaryfirvalda í Feneyjum 22. maí sl.

Sú staða sem leiddi til erindis miðstöðvarinnar, þ.e. lokun íslenska sýningarskálans í Feneyjum, er vel kunn, og hefur verið fjallað um þá aðgerð í fjölmiðlum hér á landi sem og víða um heim og jafnvel í umræðum á Alþingi (m.a. í óundirbúnum fyrirspurnartíma á 116. fundi 144. löggjafarþings 1. júní sl. og með umræðum um fyrirspurn til munnlegs svars, sem fram fór 2. nóv. sl. – 251. mál, þskj. 271), og verða efnisatriði málsins ekki rakin hér.

- Ekki verður um það deilt að hér var vissulega um að ræða ófyrirséð atvik, sem hafði viðtæk áhrif á starfsemi Kynningarmiðstöðvarinnar, og ekki síst á fjárhagslega stöðu hennar. Í erindum miðstöðvarinnar til ráðuneytisins hefur verið rakið með hvaða hætti fjárhagsáhrif þessarar aðgerðar borgaryfirvalda í Feneyjum hafa verið af tvennum toga, þ.e. annars vegar leitt til ófyrirsjáanlegs kostnaðarauka við að miðstöðin leitaði eftir að hnekkja ákvörðun borgaryfirvalda fyrir dómstólum, og hins vegar til verulegs tekjumissis, en miðstöðin var í samningaviðræðum við erlenda aðila um mögulega verulegan stuðning við verkefnið þegar sýningarskálannum var lokað, en í kjölfar lokunarinnar féllu þær viðræður skiljanlega niður.

Þann 4. nóv. sl. mælti fjármála- og efnahagsráðherra fyrir frumvarpi til fjárukalaga ársins 2015 (304. mál, 145. löggjafarþing Alþingis). Það voru undirrituðum vonbrigði að sjá þess hvergi merki í frumvarpinu að komið væri til móts við fyrirliggjandi málaleitan Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna þessa máls, og því er hér með leitað beint til fjárlaganefndar vegna erindisins.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárukalaga 2015 er að finna ýmsar tillögur um fjárveitingar til ríkisaðila og annarra vegna kostnaðar sem hefur leitt af ófyrirséðum atvikum, t.d. eldgosinu í Holuhrauni, óvenju snjóþungum vetri víða um land o.s.frv. Er það vel, að slíkum óvæntum kostnaði sé mætt með þessum hætti. Ég vil leyfa mér að halda því fram að staða Kynningarmiðstöðvarinnar sé fyllilega sambærileg við umræddar stofnanir, þ.e. að miðstöðin stendur frammi fyrir ófyrirséðum kostnaðar- auka og tekjutapi við framkvæmd verkefnis á vegum stjórnvalda, sem miðstöðin hefur ekki fjárhagslegt svigrúm til að bera óstudd og því sé vert að stjórnvöld grípi til sérstakra fjárráðstafana, þ.e. að gera tillögu um framlag til Kynningarmiðstöðvarinnar í frumvarpi til fjárukalaga þessa árs til að mæta þessum kostnaði.

Um leið og ég vil þakka þingmönnum og ráðherrum þann stuðning sem hefur ítrekað komið fram á opinberum vettvangi í garð þessa sýningarverkefnis, nú síðast í þeim umræðum sem fram fóru á Alþingi þann 2. nóvember sl. um það, vil ég ítreka erindi miðstöðvarinnar þess efnis að henni verði tryggt í fjárukalögum ársins 2015 viðbótarframlag að upphæð 15 m.kr. til að mæta auknum kostnaði og töpuðum tekjum Kynningarmiðstöðvarinnar vegna lokunar framlags Íslands á Feneyjatvíæringnum af hálfu borgaryfirvalda í Feneyjum 22. maí sl.

- Allar upplýsingar um verkefnið, kostnaðar- og tekjuáætlun þess sem og fjárhagslegar aðstæður miðstöðvarinnar hafa verið sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti, en sé óskað frekari upplýsinga er miðstöðin að sjálfsögðu reiðubúin til að veita fjárlaganefnd þær eftir því sem kostur er.

Afrit þessa bréfs er sent allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til upplýsingar, sem og mennta- og menningarmálaráðherra.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Þorláksson, form. stjórnar

Afrit: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,  
Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra.